

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1100
komudagur 22.1.2008

Kópavogi 19. janúar 2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Hr: Sigurður Kári Kristjánsson, formaður

Efni : Vegna endurskoðunar laga um leikskóla nr. 78/1994.

Stjórn Faghóps leikskólasérkennara vill koma eftirfrandi á framfæri vegna tillögu að nýjum lögum um leikskóla.

Stjórn faghóps leikskólasérkennara lýsir yfir ánægju sinni með tillögur þær sem fyrir liggja og telur þær vera í anda þess sem unnið hefur verið að í málefnum leikskólans á undarförnum árum.


Í tillögunum er kveðið á um aukin sveigjanleika á milli skólastiga og fellur það vel að hugmyndafræði um heildtækan skóla þar sem þörfum allra barna er mætt.

Einnig kemur fram í kaflanum um húsnaði (12. gr.) að gert skuli sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks.

Viljum við benda á mikilvægi þessa þáttar þegar að setningu reglugerðar kemur, þannig að góð vinnuástaða starfsfólks verði tryggð sem og sveigjanleiki í fjölda barna á hverri deild út frá samsetningu og atgerfi barnanna.

Að lokum viljum við benda á að Kennarasamband Íslands fyrir hönd Félags leikskólakennara hefur gert starfslýsingar fyrir sérkennslustjóra og samið fyrir þeirra hönd við rekstraraðila leikskóla. Teljum við eðlilegt að skýrt sé kveðið á í lögum eða reglugerð um starfsheitið sérkennslustjóri.

Virðingarfyllst,
Fh. stjórnar Faghóps leikskólasérkennara


Heiðrún Sverrisdóttir, formaður

Afrit sent:
Björgu Bjarnadóttur, formanni
Félags leikskólakennara
Valborgu Þ. Snævarr, hrl.